

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993.

2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu, kr. 5.500, árgjald sem er grundvallað á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins.

Gjaldendum er skipt í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki.

Flokkunin er sem hér segir:

- a. kr. 3.850 urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.
- b. kr. 11.550 urðað magn (áætlað) frá 12 m³ að 48 m³ á ári.
- c. kr. 46.200 urðað magn (áætlað) yfir 48 m³ á ári.

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Gjalddagar sorpeyðingargjalds fyrir fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins eru tveir, 1. nóvember og 1. desember. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss, 19. október 1993, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfisiráðuneytið, 1. nóvember 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Samundsdóttir.